

Nr. 17 154 S 115 Herjólfur**Tók niðri við Landeyjahöfn**

Skipaskr.nr. 2164 IMO nr. 9036088
 Útgerð: Eimskip Island ehf
 Smíðaður: Noregi 1992, stál
 Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
 Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
 Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
 Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
 Áhöfn: 12
 Farþegar: 26



Herjólfur©Hilmar Snorrason

Gögn:
 Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 20. október 2017 var ferjan Herjólfur á leið frá Landeyjahöfn til Vestmannaeyja. Veður: SV 10 m/s, öldudufll Landeyjahöfn A 2,4 m, V 2,1 m. Djúprista var 4,2 m.

Á leið út úr Landeyjahöfn tók skipið niðri á milli hafnargarðanna. Gerð var botnskoðun á skipinu með kafara og voru engar skemmdir sjáanlegar annað en rispuð málning og á köflum gljáfægt stál. Sjáanlegt var að skipið hafði tekið niðri að aftan, undir bakborðsstýri og á skrokk framan við það.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið fékk á sig eitt högg eða hnykk;
- að ferilkort, sem sýnir staðsetningar skipsins á tveggja mínútna fresti, sýnir að skipið virðist hafa farið á milli garðanna u.þ.b. fyrir miðju (*sjá mynd*).



Myndin sýnir grófan feril skipsins

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.